



Almannavarnir Árnæssýslu

20. fundur **framkvæmdaráðs** Almannavarna Árnæssýslu, haldinn þriðjudaginn 19. september 2017 kl: 12:00 í Ölverki, Hveragerði.

Mættir: Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Jón G. Valgeirsson, sem ritaði fundargerð.

Á fundinn mætti einnig Víðir Reynisson, verkefnisstjóri AÁ og Unna Björg Ögmundsdóttir frá BÁ.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2018.

Rætt var um drög að fjárhagsáætlun AÁ fyrir árið 2018. Henni til grundvallar liggur fyrir fjárhagsáætlun 2017 en rekstur AÁ hefur verið í föstum skordum. Stæsti kostnaðarliður þessa árs eru laun Víðis Reynissonar verkefnisstjóra AÁ. Víðir fór yfir þau verkefni sem fyrir liggur að verða unnin eða þurfi að vinna að á árinu 2018. Framkvæmdaráðið telur skynsamlegt að vinna Víðis standi út allt árið 2018. Samþykkt var að gera ráð fyrir að aðildarsveitarfélög greiði kr. 410 á hvern íbúa vegna ársins 2018. Framkvæmdaráðir samþykkir því drög að fjárhagsáætlun 2018 og Unnu falið að setja upp endanlega fjárhagsáætlun 2018 með ofangreindum forsendum og senda á framkvæmdaráðið. Fjárhagsáætlunin verður síðan til kynningar á haustfundi Héraðsnefndar Árnesinga dagana 10-11 okt. nk.

2. Almannavarnarvika.

Víðir fór yfir hvernig til hefði tekist með almannavarnarviku í Hveragerði en Hveragerði var fyrsta sveitarfélagið þar sem þetta verkefni var keyrt. Víðir og Aldís voru sammála um að vel hefði tekist til.

3. Fjöldahjálparstöðvar.

Rætt var um hvernig ætti að nota fjöldahjálparstöðvar þegar upp kemur ástand eins og þegar fjöldahjálparstöðin í Hveragerði var nýtt vegna veikra skáta frá Úlfjótuvatni. Víðir fór yfir rýnifund sem haldinn var með viðbragðsaðilum og möguleg viðbrögð ef slík staða kæmi aftur upp. Ljóst er að hefðbundar fjöldahjálparstöðvar henta engan vegin við slíkar aðstæður og ekki heppilegar ef safna þarf saman veikum einstaklingum.

Framkvæmdaráð AÁ skorar því á sóttvarnarlækni að upplýst verði hvernig brugðist verði við ef slíkar aðstæður komi upp aftur.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:50.

Ásta Stefánsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Jón G. Valgeirsson,